

Aðalfundargerð SFA 2015

**Aðalfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna,
haldinn á Hótel Fljótshlíð, Smáratúni
kl. 13:00 fimmtudaginn 7. maí 2015.**

Stjórn SFA skipa:

Formaður: Heiðrún Dóra Eyvindardóttir – Bókasafni Árborgar, Selfossi

Gjaldkeri: Hlíf S. Arndal – Bókasafninu í Hveragerði

Ritari: Barbara H. Guðnadóttir – Bæjarbókasafni Ölfuss

Meðstjórnendur: Gunnhildur E. Kristjánsdóttir – Héraðsbókasafni Rangæinga, Áslaug Bjarnadóttir – Bókasafni Hrunamanna og Björk Ingimundardóttir – Héraðsbókasafninu Kirkjubæjarklaustri.

Dagskrá fundar:

- Skýrsla formanns.
- Reikningsuppgjör s.l. árs.
- Lagabreytingar.
- Kosning stjórnar: Formanns, tveggja aðalmanna og varamanna.
- Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs.
- Fjárhagsáætlun og ákvörðun um félagsgjöld.
- Önnur mál.

Heiðrún Dóra Eyvindardóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún þakkaði gestgjöfunum, sveitarstjórn Rangárbings eystra, kærlega fyrir höfðinglegar móttökur og velvilja í garð SFA. Hún bauð fundarmönnum að kynna sig.

Stungið uppá Barböru Guðnad. sem fundarstjóra og Áslaugu Bjarnad. sem fundarritara. Samþykkt. Gengið til dagskrár.

1. Skýrsla formanns.

Heiðrún Dóra Eyvindardóttir sagði m.a. frá því að í júlí hefðu orðið allmiklar umræður í fjölmiðlum um helmings niðurskurð á fjárframlögum í Bókmenntasjóðinn. Stjórn SFA skrifaði grein sem bar nafnið „Bókasöfn án bóka“ og birtist á Vísi og á vef RÚV. Þar var skorað á stjórnvöld að auka framlag sitt til Bókmenntasjóðs fremur en að lækka það til að reyna að koma greiðslum til rithöfunda í svipað horf og tíðkast hjá nágrannalöndum.

Í september fór formaður í viðtal hjá Lísu Páls í þáttinn Samfélagið í nærmynd til að tala um bókasöfn og stöðu þeirra í samfélaginu.

Stjórnin hittist nokkrum sinnum á árinu til að ræða ýmis mál, fara yfir fjármálastöðuna og undirbúa vorfund 2015.

Formaður SFA var beðin um af Upplýsingu, að sitja sem varamaður í stjórn Bláa skjaldarins sem er eins konar Rauði Kross menningminja. Stofnendur Bláa skjaldarins eru alþjóðleg samtök bóka-, skjala- og menningarminjasafna. Heiðrún stefnir á að kynna það verkefni betur fyrir félagsmönnum SFA, annaðhvort á haustfundi eða á næsta vorfundi.

Að lokum benti hún á erindi sem öllum félagsmönnum SFA á að hafa borist til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis. En það varðar frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum (endurskoðun höfundalaga, einkaréttindi höfunda og samningskvaðir). Umsögn þarf að berast eigi síðar en 15. maí n.k. og því þurfa félagsmenn að einbeita sér að því að lesa frumvarpið af mikilli nákvæmni og gott væri svo í framhaldi af því að skiptast á skoðunum á fina-póstlista samtakanna. Skýrsla formanns borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

2. Reikningsuppgjör.

Hlíf S. Arndal gerði grein fyrir reikningum starfsárið 2014-2015.

Hún sagði að 49 söfn væru félagar og hefðu þau öll greitt félagsgjaldið. Innheimt félagsgjöld voru kr. 428.750,- og vextir af reikningum félagsins voru kr. 30.268,-. Tekjur því samtals kr. 459.018,-.

Stærsti útgjaldaliðurinn á starfsárinu, var vorfundurinn 2014, alls kr. 533.410,-.

(Heildarkostnaður v/fundarins nam kr. 912.440,- (gisting, veitingar, tónlistaratriði, fyrirlestur og Ráðgjafarfyrtækið Alta) en á móti kom styrkur að upphæð kr. 100.000,- frá Grundarfjarðarbæ og þátttökugjöld að upphæð kr. 279.030,-). Gjöld vegna vistunar á vefsíðu, léns, fjármagnstekjuskatts og bankaþjónustugjalds voru alls kr. 113.569,-. Gjöld því samtals kr. 646.979,-. Tap flutt á höfuðstól kr. 187.961,-.

Í Efnahagsreikningi kom fram, að eignir SFA eru á tveimur bankabókum og voru þær í lok apríl 2015 alls kr. 1.283.307,-.

Reikningsuppgjórið borið upp og samþykkt samhljóða.

3. Lagabreytingar.

Barbara kynnti tillögur stjórnar varðandi breytingar á lögum.

2. gr. verður „...*Heimili þess og varnarþing er hjá gjaldkera hverju sinni.*“

Rökstuðningur: Bréf sem berast með pósti eru yfirleitt öll til gjaldkera félagsins.

Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.

4. gr. „...*forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands og Bókasafns Norræna hússins gerst fullgildir aðilar*“

Rökstuðningur: breyting á nafni úr Blindrabókasafn Íslands í Hljóðbókasafn Íslands.

Borid undir og samþykkt samhljóða.

Við 4.gr. bætist líka:

Félagar sem komnir eru á eftirlaun geta verið áfram í félaginu óski þeir þess. Þeim er heimilt að sitja fundi með málfrelsi og tilögurétt en án atkvæðisréttar. Þeir greiða ekki félagsgjald. Um eftirlaunafélaga gilda að öðru leyti sömu reglur og um aðra félaga.

Rökstuðningur:

Það er ljóst að margir mjög virkir félagar eru um það bil að láta af störfum eða nýhættir.

Nokkrir þeirra hafa látið í ljós að þeir muni sakna verunnar í þessu félagi og samskipta við félagana og er það gagnkvæmt. Það er því mat stjórnar að við eigum að gefa þeim kost á að halda áfram í félaginu, bæði þeim sjálfum og okkur til ánægju og örugglega líka gagns.

Þar sem þessir félagar eru ekki lengur starfandi á okkar vettvangi telum við ekki rétt að þeir hafi atkvæðisrétt, en hins vegar er alltaf gott að hlusta á góðar tillögur og hafi þeir áhuga á að sitja fundi og fylgjast með því sem er að gerast finnst mér rétt að þeir geti haft tillögurétt.

Stjórnin sér ekki þörf á að þeir greiði félagsgjald. Í rauninni ætti ekki að vera neinn

aukakostnaður af veru þeirra í félaginu. Við sem erum starfandi og greiðum félagsgjöld

höldum okkar fundi hvort sem er og niðurgreiðum þá að hluta með félagsgjöldum. Kostnaður við fyrirlesara er sá sami hvað sem fundarmenn eru margir. Og séu fundarmenn margir er jafnvel hægt að fá betri tilboð í mat og gistingu. Auðvitað greiða eftirlaunafélagarnir (öldunkarnir) sama gjald og aðrir félagar fyrir gistingu og fæði og fundahald. En sleppa félagsgjaldinu. Ef þeir vilja bara koma og borða með okkur og skemmta sér með okkur greiða þeir bara fyrir það.

Marta Hildur Richter bað um orðið. Hún sagði að hún vildi láta taka út tillöguréttinn. Anna Sigríður Einarsdóttir tók undir orð Mörtu og sagði að hvorki þeir forstöðumenn sem væru hættir eða um það bil að hætta hefðu ekkert með það að gera, að hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum SFA. Oddný H. Björgvinsdóttir var sammála þeim Mörtu og Önnu og vonaði að eftirmaður sinn kæmi með ferskar og nýjar hugmyndir inn í hópinn. Margir fundarmenn voru ósammála þeim Mörtu, Önnu og Oddnýju og vildu hafa tillöguna óbreytta. Nú væru margir forstöðumenn að hætta vegna aldurs sem gegnum tíðina hefðu lagt margt gott til málanna. Það væri því afskaplega gott fyrir SFA að halda áfram að fá að njóta nærveru þeirra og hlusta á góðar tillögur á fundum SFA. Eftir nokkrar umræður lagði Barbara til að spyrja fundinn með handauppréttingu hverjir væri samþykktir tillögunni óbreyttri. Niðurstaða: Samþykkt með miklum meirihluta.

4. Kosning stjórnar: Formanns, tveggja aðalmanna og varamanna

Heiðrún, Hlíf og Barbara gefa kost á sér áfram og var það samþykkt samhljóða. Einnig var samþykkt einróma að Heiðrún Dóra yrði áfram formaður SFA. Gunnhildur, Áslaug og Björk gefa einnig áfram kost á sér til áframhaldandi starfa sem varamenn. Samþykkt samhljóða.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs

Stjórn leggur til að núverandi skoðunarmenn reikninga, þau Erla Kristín Jónasdóttir, Borgarbókasafni og Óskar Guðjónsson, Borgarbókasafni, verði endurkjörin. Samþykkt samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um félagsgjöld

Hlíf lagði fram fjárhagsáætlun SFA fyrir starfsárið 2015-2016. Lagt er til að félagsgjöld verði áfram kr. 8.500,- + innheimtukostnaður. Tekjur áætlaðar kr. 441.500,- og gjöld áætluð kr. 820.000,-. Inni í þeirri tölu er fundarkostnaður áætlaður að upphæð kr. 350.000,-, styrkur v/Bókasafnsdagsins kr. 150.000,-, ný heimasíða kr. 150.000,-, lén og vistun vefsíðu kr. 90.000,-, fjármagnstekjuskattur, bankakostnaður og annar ófyrirséður kostnaður áætlaður alls kr. 80.000,-. Þetta gerir að gjöld eru áætluð hærrí en tekjurnar sem nemur kr. 378.500,-.

Nokkrar umræður urðu um fjárhagsáætlunina. Marta spurði út í fundarkostnað og velti þeirri spurningu upp, hvort hver og einn félagsmaður gæti ekki greitt meira fyrir fundinn. Hlíf tók undir það og sagði jafnframt að fundarkostnaður hefði verið sérstaklega hár á aðalfundinum 2014. Þar væri reikningur frá Ráðgjafarfyrtækinu Alta stór partur af kostnaðinum. Einnig sagðist Marta vilja hækka félagsgjaldið upp í 9.000,- krónur og hætta að styrkja aðra en beina athygli meira að sjálfum félagsmönnum ef þeir þyrftu á styrkjum að halda. Anna Sigríður tók undir orð Mörtu, styðja frekar litlu bókasöfnin úti á landi. Þóra Sigríður Ingólfsdóttir mælti með að styrkja frekar félagsmenn sem geta t.d. ekki mætt á fundi sem þessa vegna fjárskorts. Stefanía V. Gísladóttir benti á, að hægt er að sækja um styrk til Sveitamenntar til að fara á fundi, það væri flokkað undir sem nokkurs konar námskeið og/eða endurmenntun. Erla Kristín Jónasdóttir styður að félagsgjaldið verði hækkað upp í a.m.k. kr. 9.000,-. Hlíf bar undir

félagsmenn tillögu um að hækka félagsgjaldið úr kr. 8.500,- upp í kr. 9.000,- og var það samþykkt samhljóða. Einnig bar hún upp tillögu um að lækka kostnað v/styrkja úr 150.000,- niður í kr. 100.000,-. Samþykkt.

Sunna Njálisdóttir ræddi um vefsíðumál og kostnað. Hún sagðist hafa hringt og kannað hvað það kostaði að búa til nýja síðu. Hún fékk m.a. upplýsingar um að það gæti kostað allt upp í kr. 300.000,- að setja upp nýja heimasíðu. Það væri nauðsynlegt að fá einhvern sem kynni til verka svo að vefsíðan myndi virka vel. Hún mælti með að settur yrði jafnvel meiri peningur í þennan gjaldalið. Jafnframt sagði Sunna að öll gögn væru inni á <http://finasfa.simplesite.com/> síðunni og hún hefði aðgang að henni. Heiðrún sagði að kostnaður vegna vefsíðuhönnunar væri mikill frumskógur og nauðsynlegt væri að koma þessu vefsíðumáli í lag. Barbara lagði til að stjórnin fengi frjálssar hendur til að vinna í málinu.

7. Önnur mál

Póra Sigríður Ingólfisdóttir stakk upp á SFA eða fina-félagið hefði lokaða facebook-síðu til að hafa samskipti.

Sunna Njálisdóttir mælir með facebook til daglegra samskipta. Henni finnst fina-póstlisinn ekki hafa verið mikið virkur í vetur. Spurning hvort facebook komi í stað póstlistans.

Oddný H. Björgvinsdóttir lætur nú af störfum vegna aldurs og vildi nota tækifæri og þakka innilega fyrir alla finu-fundina. Hún hefur lært mikið á þessum fundum og alltaf farið heim með nýjar og ferskar hugmyndir. Oddný þakkaði kærlega fyrir sig óskar öllum alls hins besta. Anna Sigríður Einarsdóttir lætur einnig af störfum í haust eftir farsælan feril. Hún sagði að starfsemi bókasafna hafi fleygt fram og vill þakka hvað SFA hefur náð langt með fina-hópnum. Anna þakkaði fyrir sig og lauk orðum sínum með: „Almenningsbókasöfn lengi lifi“. Heiðrún bað þær Oddnýju og Önnu um að standa upp og félagsmenn þökkuðu þeim vel unnin störf með lófaklappi.

Sunna Njálisdóttir ræddi um mætingu á fina-fundina. Henni finnst að þeir ættu hreinlega að vera skyldumæting. Við þyrftum að láta berast, sérstaklega til litlu safnanna hvað þetta eru fróðlegir og góðir fundir sem eru ígildi námskeiða/símenntunar.

Að lokum þakkaði Barbara fundarmönnum fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 14:20.

Fundarritari Áslaug Bjarnadóttir.

Þátttakendur:

Andrea Ævarsdóttir	Bókasafn Grindavíkur	
Anna Sigríður Einarsdóttir	Bókasafn Hafnarfjarðar	
Áslaug Bjarnadóttir	Bókasafn Hrunamanna	
Barbara Guðnadóttir	Bæjarbókasafn Ölfuss	
Björk Ingimundardóttir	Héraðsbókasafn Kirkjubæjarklausturs	
Edda B. Kristmundsd.	Bókasafnið Ísafirði	
Erla Kristín Jónasdóttir	Borgarbókasafn menningarhús	
Guðríður Sigurbjörnsd.	Borgarbókasafn menningarhús	
Gunnhildur E. Kristjánisd.	Héraðsbókasafn Rangæinga	
Halldóra Jónsdóttir	Bókasafn Akraness	Föstudag
Heiðrún D. Eyvindardóttir	Bókasafn Árborgar	
Hlíf S. Arndal	Bókasafnið í Hveragerði	
Hrönn Hafþórsdóttir	Bókasafni Fjallabyggðar	
Jóhanna G. Hafliðadóttir	Bókasafn Héraðsbúa	
Jóhanna Kjartansdóttir	Bókasafnið í Garði	

Kristín Arnþórsdóttir	Bókasafn Seltjarnarness	
Laufey Eiríksdóttir	Bókasafn Dalvíkurbyggðar	
Margrét I. Ásgeirsdóttir	Bókasafn Norræna hússins	
Marta Hildur Richter	Bókasafn Mosfellsbæjar	
Oddný H. Björgvinsdóttir	Bókasafn Garðabæjar	
Pálína Magnúsdóttir	Borgarbókasafn menningarhús	Fimmtudagskvöld
Sólveig Guðrún Arngrímsd.	Borgarbókasafn menningarhús	
Stefanía Gunnarsdóttir	Bókasafn Reykjanesbæjar	
Stefanía Vigdís Gísladóttir	Bókasafn Öxarfjarðar	
Sunna Njálsdóttir	Bókasafn Grundarfjarðar	
Þóra Sigríður Ingólfssdóttir	Hljóðbókasafn Íslands	
Þórdís Friðbjörnsdóttir	Héraðsbókasafn Skagfirðinga	